

Fornleifar í landi Kross og Fögrubrekku í Innri-Akraneshreppi. Deiliskráning - 2004.



Adolf Friðriksson

FS240-04021

Reykjavík 2004





© Fornleifastofnun Íslands 2004

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Kápu myndin er af tóft á Krosshóli, norðan Fögrubrekku

Efni

INNGANGUR.....	4
DEILISKRÁNING OG FORNLEIFAR.....	4
FORNLEIFAKÖNNUN.....	6
NÍÐURSTÖÐUR	12
SAMANTEKT	15
HEIMILDIR	16

Inngangur

Að ósk Línuhönnunar hf. gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum í landi Kross og Fögrubrekku í apríl og maí 2004. Tilfni rannsóknarinnar er deiliskipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir í Krosslandi hinu forna.

Undirbúningur að rannsókninni hófst í apríl og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu. Gerðar voru vettvangsathuganir í landi Kross og Fögrubrekku dagana 27.4 og 1.5 2004. Í þessari skýrslu er birtur árangur athugana á heimildum og á vettvangi og lagt mat á áhrif framkvæmda á grundvelli þeirra.

Deiliskráning og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna,

bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifanefndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnir til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnast þar við jarðrask.

Fornleifakönnun

Engar minjar eða forngrípir frá landnámsöld eða síðari tímum hafa komið í ljós við jarðrask á þessu svæði samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum og þar eru engar friðlýstar minjar. Engu að síður er ljóst að á rannsóknarsvæðinu eru mannvistarleifar frá öllum tímum og eru þær einkum landbúnaðarminjar ýmisskonar, sem tengjast búsetu á þessum jörðum. Allar þessar minjar njóta friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum. Í þessum kafla er birt skrá yfir allar þekktar fornleifar í landi Kross og Fögrubrekku.




BO-053 Kross

30 hdr. 1706. Bændaeign. Upphaflega 40 hdr, en 1706 var Akrakot, 10 hdr, talin fjórðungur jarðarinnar. 1504 á Guðni Jónsson Kross á Akranesi og voru þar 90 álnir ógoldnar í landskuld en kúgildaleigur (af einni kú hjá Arnbirni Einarssyni?) ógoldnar – DI VII, 743. [1558x69] þetta hafa verið hallden landamerki xx ár og þadan af leingur atolulaust [Garða og Kross] þann tíð minn fader sira Þorkell heitinn hieilt Gardastad. ad Gardar eiga allt land ad Krosslæk þaa hann fiell riett fram. en Kros austan ad læknum. en ecki leingra og það holltt sem Tannberg heiter var þa hallden eign stadarins. og hier hefe eg [Sigurður Þorkelsson] aldre heyrnt tuimæle aa leika fyrre en nu sijdan sira Jon Einarsson kom til Garda. DI XIII, 525. 10.9.1560 eru gerðarmenn beðnir um að álíta þá stóru og löngu landamerkjaprætu sem vrið hafði milli Kross og Garða. Komu þar fram mörg vitni með bréfum og munnlegum orðum sem lýstu því að ávalt hefði verið talið að Krosslækur réði landamerkjum milli Garðastaðar og Kross. þui tokum vier oss stodu j þui midiu undvarpe lækiarfarvegsins sem oss leist það hefði ad fornu fare falled fram j sioinn. og ridum þadan rietta sionhendijng upp ä myrena. gagnvart þeim hols enda sem oss var sagt af skilvijsum monnum ad Kross ætti leingst upp. Vilhjálmur Oddsson og Erlendur Guðbrandsson eignarmenn Kross samþykktu þessa gerð. - DI XIII, 526. “Um miðja 19. öld var Vestri-Kross byggður úr jörðinni, og nefndist heimajörðin Eystri-Kross eftir það. Búið var í Vestra-Krossi til 1923, en í Eystra-Krossi nær samfelt til 1963.” BB II, 100.

Austur-Kross: Tún 19,400m², 2/3 þýft. Garðar 1,140m². Vestur-Kross: Tún 24,615m², 2/3 þýft. Garðar 693m².

BO-053:001 *Kross (Eystri-Kross)* bæjarhóll bústaður 64°18.498N 22°02.430V
Bærinn stóð um 80 m ofan við sjávarbakka og 220 m sunnan (SV) við Innesveg; er heimreið að bæjarleifunum. Grösugur hóll í túni. Bæjarhóllinn er enn sýnilegur í túninu. Hann er fremur hár og í hann eru hvompur hér og hvar, en engar með greinilegu tóftalagi. Hóllinn er um 20 m í þvermál. Það mótar fyrir leifum af kálgörðum austan við hólinn. Sunnan í hólnum eru stórar gryfjur og hefur suðurhluti hans hugsanlega orðið fyrir raski.

BO-053:002 *Vestri-Kross* bæjarstæði bústaður 64°18.579N 22°02.541V



Vestri-Kross stóð á hólrana sunnan við Neðri-Kúfhól, þ.e. um 200 m sunnan (SV) við Innesveg, um 140 m norðan eða NNV við Eystri-Kross og um 40 m ofan við sjávarbakka. Slóði liggur að bæjarstæðinu frá Innesvegi.

Á lágu og grónu klapparholti í túni. Á bæjarstæðinu er lítil tóft, að mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru um 70 sm breiðir og allt að 60 sm háir, sjá má um 5 umför steina í hleðslum. Tóftin snýr u.þ.b. NA-SV og skiptist í tvö hólf. Nyrðra hólfíð er stærra um 9x6 m að utanmáli, en hið syðra er eins og útskot úr SV-horni stærra hólfins, um 4 m á hvorn veg að utanmáli. Opið er í tóftirnar á norðurhlið og vestur og gengt á milli hólfna. Í kverkinni milli hólfna austanmegin eru einnig dyr eða rof í vegg.

BO-053:003 heimild um útihús 64°18.500N 22°02.388V
Samkvæmt túnakorti stóðu útihús um 20 m norðan við bæinn á Eystra-Krossi (001).

Á grasi vöxnum hól í túni. Engar leifar útihússins eru sjáanlegar, hefur það verið rífið og sléttað út.

Heimildir: Túnakort

BO-053:004 heimild um útihús

64°18.498N 22°02.400V



Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 10 m norðan við bæ (001) á Eystra-Krossi, og 10 m sunnan við útihús 003.

Í túni. Leifar útihússins eru ekki sjáanlegar, hefur það verið rífið og sléttað út. Þar er þó leifar grjóthleðslu sem gætu verið veggjarbrot úr útihúsinu.

Heimildir: Túnakort

BO-053:005 tóft útihús

64°18.476N 22°02.419V



Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 5-10 m suðaustan við bæinn á Eystra-Krossi.

Á lágum grasi vöxnum hól í túninu sjást leifar hússins og er jarðvegur horfinn ofan af syðri enda þess. Tóftin snýr SV-NA, líklega með dyr í syðri enda. Hún er um 4 m löng og 3 m breið, veggir eru um 1 m breiðir og 60 sm háir. Grjót er í veggjum, og sjá má 4-5 umför í hleðslu en veggirnir eru að hrynja og grjótdreif er í kringum tóftina.

Heimildir: Túnakort

BO-053:006 *Krosshjáleiga* heimild um bústað

Í JÁM segir: “Krosshialeiga hefur hjer að fornu býli verið af heimajörðinni, lagt í auðn fyrir vel 30 árum, olli því sjávargángur að hjer var ekki vært, og eru nú tóftarleifarnar enn undir sjávarbroti.”

Engar fornleifar eru sjáanlegar á sjávarbakkanum, og er afar sennilegt að leifar Krosshjáleigu hafi fyrir löngu farið í sjóinn.

Heimildir: JÁM IV, 81

BO-053:007 *Súðaklöpp* heimild um bústað

Í örefnalýsingu Kross segir: “Framan við túnið á Krossi heitir Súðaklöpp. Þar er sagt, að hafi verið bær, en fluttur undan sjógangi og landbroti.” Sennilega er hér átt við Krosshjáleigu, sem nefnd er í Jarðabók Árna og Páls, en fullvíst er það ekki.

Engar fornleifar eru sjáanlegar á sjávarbakkanum, og er afar sennilegt að leifar þessa bæjar hafi fyrir löngu farið í sjóinn.

Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:008 *Krossvör* heimild um lendingu

64°18.472N 22°02.507V

Í örefnalýsingu segir: “Milli Tapa og Súðaklappar er farið, þegar lent er í Krossvör.”

Klettótt strönd, möl í fjörubotni. Lagt hefur verið að klettum vestan megin, gróf möl er í fjörubotninum en halli á honum er líttl og bakkinn uppaf er lágur.

Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:009 *Gálgaskarð* aftökustaður

64°18.634N 22°02.598V




Í örefnalýsingu segir: “Vestan við bæinn á Krossi er skarð í klettana og heitir Gálgaskarð.” Líklega er átt við skarðið sem er í klettunum austan megin í Krossvík, um 50 sunnan við Innnesveg þar sem hann liggur upp úr víkinni.

Þar eru háir klettar og þverhníptir, sem hafa klofnað frá klettaveggnum og standa í flæðarmáli. Í brimi ólgar sjórinn á milli klettaskoranna. Minnir þetta á samskonar kletta og skarð sem heitir Gálgaskora í landi Innra-Hólms. Hafa menn séð fyrir sér að gálga hafi verið komið fyrir á klettakollunum og fólk látið dingla þar niður úr. Má vera að Gálgaskarði sé talvert sunnar, en þar hagar svipað til. Heimildamenn þekkja örnefnið Gálgaskarð, og jafnvel sögur því tengdu, en enginn er viss hvar skarðið er.

Heimildir: Ö-Kross, 1

BO-053:010 tóft



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kross, 2; Saga Akraness I, 39.

64°18.713N 22°01.963V

Í örnefnalýsingu segir: “Uppi af Efri-Kúfhól er smáhóll, Krosshóll. Þar eru rústir eftir byggingu, sem Stefán Gunnlaugsson sýslumaður hafði, er hann bjó hér á Krossi.” Krosshóll er nú í landi Fögrubrekku, 8 m norðan við fjós og hlöðu.

Grasi vaxinn og smápýfður kletthóll. Tóftin er aflöng, snýr u.þ.b. A-V, en talsvert ógreinileg. Hún er algróin og þúfur innan og utan og veggir víða gengnir í sundur. Tóftinni hallar mót vestri. Vesturendi er mjög ógreinilegur. Tóftin er 4 m breið, og rekja má 8 m af nyrðri langveggnum, en minna sér af hinum syðri. Að innanmáli er tóftin um 2 m breið. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 40 sm háir og er grjót í hleðslunni. Að innan er hún talsvert þýfð. Skrýtið er ef þessi tóft er af þeirri stofu er Stefán sýslumaður lét reisa, því hún er í talsverðum halla.



BO-053:011 *Selstapar*

Í örnefnaskrá segir: “Innan við Tannaberg er Litla-Skollholt á merkjum. Þar við eru húsatættur frá tíma Hannesar Stephensen, og við þær eru smástapar, sem heita Selstapar.” Þeir eru norðarlega í landi Kross, um 100 m norðan við Húsálæk.

Engar fornleifar fundust við vettvangsathugun hjá Selstöpum. Hér gæti verið um rugling að ræða. Um 160 m suðaustur af Selstöpum eru meintar tóftir (BO-045:016) við Húsálæk. Lækurinn rennur frá fjalli, hjá tóftunum og áfram vestur og hjá stöpunum. Gæti nafn lækjarins hafa átt þátt í að lýsing á staðsetningu tóftanna skolaðist til. Tóftirnar eru austan við merki Kross og því í landi Ytra-Hólms.

Heimildir: Ö-Kross, 2

BO-053:012 *Selveita* örnefni

Í örnefnalýsingu segir: “Fyrir ofan Selstapana og neðan við Tannaberg er mýri, sem heitir Selveita.”

Engar tóftir eru sýnilegar hjá Selveitu en örnefnið gæti bent til að vatn hafi verið látið standa uppi á mýrinni hjá selinu.

Heimildir: Ö-Kross, 2

BO-053:013 tóft

64°18.564N 22°02.557V



20 m norðaustan við Vestra-Kross.

Í túninu norðaustan við Vestra-Kross virðist móta fyrir tóft, sem gæti hafa verið af útihúsi, en ummerki eru of óljóst til að úr því verði skorið með vissu. Þar eru leifar af gömlum, steinsteyptum grunni.

BO-053:014 garðlag túngarður

64°18.489N 22°02.513V



Sunnan við bæjarhólinn í Eystra-Krossi, milli hans og sjávar liggur stúfur af túngarði. Hægt er að rekja um 30 metra leið. Garðlagið er um 40 sm hátt, og um 60 sm breitt, hlaðið úr torfi og grjóti. Sár er í garðendann á sjávarbakkanum. Girðing hefur verið reist á garðinum.

BO-055 Belgsstaðir

Hjáleiga frá Krossi. 1706: “Belstader var hjer og hjáleiga, öðru nafni kölluð Vigg Belstader. Hún bygðist fyrst fyrir 40 árum eður því nær, og fylgdi grasnyt í fyrstu.” - JÁM IV, 81. “...Vindbelgsstaðir, stundum nefnd Belgsstaðir, er sameinuð Krossi, og 1943 voru þar fjárhús frá Krossi.” Ö-Kross, 1.
Tún 6142m², 2/3 þýft. Garðar 604m².


BO-055:001 *Belgsstaðir* bæjarstæði bústaður

64°18.512N 22°02.256V




Í örnefnaskrá segir: “Neðan við veginn, innan við neðri-Kúfhól, voru Vindbelgsstaðir (stundum nefndir Belgsstaðir); þar eru nú rústir eftir fjárhús.” Í Byggðum Borgarfjarðar segir “Bæjarhús á Belgsstöðum voru rétt við merki Akrakots fyrir neðan þjóðveg.” Tóftin er 120 m suðvestan við Innnesveg og sést greinilega frá veginum.

Í túni. Á Belgsstöðum er fjárhústóft og stendur hún á lágum hól í túninu. Hún er í laginu eins og stafurinn “L” og snýr annað hólfið NA-SV, en hitt er með garða í miðju og liggur út í vestur með opinn vesturenda. Hvor leggur er um 10 m langur og 6 m breiður að utanmáli, en 8 og 9 m langir og 4 m breiðir að innan. Veggir eru um 1,2 m breiðir og allt að 1,2 m háir, hlaðnir úr torfi og grjóti.



Heimildir: Ö-Kross, 2; BB, 112



Kross og Fagrabrekka

Niðurstöður

Fagrabrekka:

Gerð var aðalskráning fornleifa í landi Fögrubrekku árin 2000-2001 og fannst þar einungis einn minjastaður (BO-053:010). Verði efnistaka eða umferð vinnuvéla fyrirhuguð í nágrenni staðarins ber að gæta þess að hann verði ekki fyrir raski.

Kross:

Í landi Kross, neðan Innesvegur, eru nokkrar fornleifar. Flestar eru þær á eða við bæjarhól Eystri-Kross, en jafnframt eru þar leifar Belgsstaða, lendingarstaður, þjóðsögustaður (Gálgaskarð) og bæjarstæði Vestri-Kross.

Bæjarhóll E-Kross hefur orðið fyrir nokkru raski á síðari hluta 20. aldar, en ekki hefur verið byggt á honum eftir að bærinn fór í eyði 1963. Hefur hann því töluvert minjagildi og nýtur friðhelgi. Vesturströnd Krosslandsins hefur hopað vegna sjávarrofs, eins og víða er á Akranesi. Rétt er að geta þess hér að bæjarhólar hafa víða orðið fyrir stórkostlegum spjöllum

á mörgum bæjum á Akranesi. Bærinn Krosshjáleiga, sem nefndur er í heimildum frá 18. öld, mun þegar hafa verið horfinn af þessum sökum, í upphafi 18. aldar. Samkvæmt skipulagstillögu er gert ráð fyrir að stuðla að varðveislu bæjarhólsins á Krossi með því að gera hann að útivistarsvæði, auk þess sem ströndin verður varin með sjóvarnargarði. Mun varnargarðurinn eflaust stöðva frekari eyðingu mannvistarminja af völdum sjávarrofs á þessum slóðum.



Rof í sjávarbakka sunnan við Kross.

Rof í sjávarbakka sunnan við Kross. Á miðri myndinn sést í sárið á túngarðinum neðan við bæjarhólinn í Eystra-Krossi. Hleðslugrjót liggur í forgrunni.



Belgsstaðir eru hjáleiga, en á rústum þess var reist fjárhús um 1950. Óvíst er um ástand minja bæjarins, en fjárhústóftin er heilleg og með digrum veggjum. Æskilegt væri að nýta ekki þennan reit undir húsbyggingar. Ekki er útilokað að fjarlægja fjárhústóftina, enda er hún yngri en 100 ára og nýtur ekki verndunar þjóðminjalaga, en það þyrfti að gera að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins. Eins væri æskilegt að fá úr því skorið með takmörkuðum fornleifauppgrefti hvort leifar Belgastaðakotsins hafi orðið fyrir stórfelldu raski þegar fjárhúsið var reist, eða hvort þær hafi varðveislugildi. Þótt fjárhústóftin verði fjarlægð, er ekki útilokað að nýta megi reitinn sem útivistarsvæði þó leifar Belgskots verði geymdar þar undir sverði.

Vestri-Kross er hjáleiga byggð úr Krosslandi um miðja 19. öld og var í byggð fram til 1923. Bæjarstæðið er lítið um sig, og sjást tóftir á yfirborði. Ef nýta á þennan reit þarf að gera þar rannsókn, en sú rannsókn yrði tæpast umfangsmikil þar sem þar var búið í skamman tíma og ekki vottar fyrir uppsöfnuðum mannvistarleifum líkt og á aðalbænum.

Við vettvangsrannsókn 1. 5. 2004 var allt túnið í Krossi grandskoðað, sem og sjávarbakkinn. Rof er í suðurbakkanum gervöllum, en þar sést ekki í hleðslur eða aðrar mannvistarleifar, né önnur ummerki sem gætu gefið til kynna að þar leyndust fornleifar. Jarðvegur er grunnur í Krosstúni og ekki sér móta fyrir neinum tóftum utan þeirra sem þegar eru á fornleifaskrá jarðarinnar. Er ólíklegt að þar leynist margar minjar, en þó verður ekki útilokað að áður óþekktar fornleifar kunni að koma í ljós við jarðrask síðar.



*Fjaran hjá
Krossi*

Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar í landi Kross og Fögrubrekku í Innri-Akraneshreppi m.t.t. fyrirbyggjandi deiliskipulagsgerðar.
- Við deiliskráninguna var stuðst fyrir fyrirbyggjandi aðalskráningu fornleifa í Innri-Akraneshreppi (2000-2001), og gerð vettvangsrannsókn.
- Á þessu svæði eru a.m.k. 15 fornleifar af ýmsu tagi, m.a. bæjarhólar, útihús, garðlög og þjóðsögustaðir.
- Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum eru eftirfarandi minjastaðir í uppnámi: Bæjarhóll Eystri-Kross (Bo-053:001, 003, 004, og 005, bæjarstaði Belgsstaða (Bo-054:001) og Vestri-Kross (Bo-053:002 og Bo-053:013). Ennfremur ber að huga að Krossvör, Gálgaskarði og túngarði sunnan bæjarhólsins á Eystra-Krossi
- Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu, en áður nefndir staðir njóta almennrar friðunar samkvæmt lögum og óheimilt er að spilla þeim eða hylja.
- Fornleifavernd ríkisins getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirbyggjandi tillögu um skipulag verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.
- Ekki er útilokað að fleiri minjar, en þær sem komið hafa fram við heimildaathuganir og vettvangskonun, leynist á svæðinu.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands:

Ísleif – gagnagrunnur um íslenskar fornleifar

Rannsóknargögn A.F. 27.4. – 1.5. 2004.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Kross: Örnefnaskrá Kross

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort:

Eystri-Kross

Vestri-Kross

Prentaðar heimildir og fjölrít:

Adolf Friðriksson. Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar. *Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð.* Guðrún Jónsdóttir, án útgst., 1994.

Adolf Friðriksson (2002). “Fornleifar í Innri-Akraneshreppi, FS169-00031, Reykjavík.”
ÁG: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Ágúst Ó. Georgsson sá um útg. Rv. 1990.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar II.* Borgarfjarðarsýsla og Akranes, án útgst., 1989,

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823* , Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Rv. 1983.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV.* Kh. 1913-14; 12-13 Rv. 1990.

JB: Jón Böðvarsson. *Akranes. Frá landnámi til 1885.* Akranes. 1992.

JJ: Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi... 1835-1845.* Kh. 1847.

Kálund, P. E. K. *Íslenskir sögustaðir II.* Rv. 1984.

Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* Rv. 2000.